


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
<b>Hönnun og hugmyndavinna 404 (HTL404) Kennsluáætlun (Haust2010)</b>		

<b>Kennarar og viðtalstímar</b>	<b>Björg Eiríksdóttir</b> Mið. kl. 10:40-11:20 <b>Sveina Björk Jóhannesdóttir</b> Mið. kl. 11:20-11:55	<b>Sk.stöfun og netföng:</b>	<b>BJE</b> <a href="mailto:bjorg@vma.is">bjorg@vma.is</a> <b>SBJ</b> <a href="mailto:sveina@vma.is">sveina@vma.is</a>
---------------------------------	---	------------------------------	--

### Áfangalýsing

Haldið er áfram frá fyrri áfanga HTL 304 í meðferð lita og annarra efna á tau. Lögð verður áhersla á áferð efna og yfirborðshönnun þeirra. Farið verður í frjálsa útsaumstækni, bæði í höndum og í vél. Farið verður í hugmynda- og skissuvinnu fyrir bútasam og kennd undirstöðuatriði hans. Nemendur skila góðri hugmynda- og prufumöppu ásamt dagbók yfir vinnu sína í áfanganum. Nemendur hanna, teikna og vinna að minnsta kosti eitt verk frá grunni. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

### Áfangamarkmið


Nemandi

- kynnist og þrói með sér ýmsar aðferðir við að gera áferð á efni.
- þjálfist í samsetningu efnis og garns/tvinna.
- fái þjálfun í ýmsum tækniatriðum í frjálsum útsaum í höndum og á saumavél.
- læri frjálsan og óhefðbundin bútasam á hagnýtan og listrænan hátt.
- fái innsýn inn í gömul mynstur og sögu bútasams.
- læri að nota skurðarstiku, skurðarmottu, skurðarhníf og fleira.
- verði læsir á fagblöð og bækur.
- noti á skapandi hátt liti, form og munstur í eigin hönnun.
- geti þróað hugmyndir sínar með skissuvinnu og tilraunum og yfirfært þær í efni.
- geti skipulagt vinnu sína og rökstutt val á hráefni og vinnuaðferðum.
- tileinki sér vinnuhagræðingu og noti nýjustu tækni og aðferðir.
- tileinki sér frumleika og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Skipulag annarinnar

Lota	Viðfangsefni
1	Litun efna Bútasamsaðferðir
2	Vélútsaumur Handútsaumur
3	Hugmyndavinna skissur, tilraunir og prufur fyrir lokaverk Lokaverk unnið

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt alla önnina til að ná settum markmiðum og árangri.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
<b>Hönnun og hugmyndavinna 404 (HTL404) Kennsluáætlun (Haust2010)</b>		

### Námsgögn

Ýmsar textílfagbækur.

Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis.

Myndbönd með skissuvinnu fyrir útsaum, hugmyndavinnu fyrir bútasaum og útsaum.

### Það sem þarf að eiga

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, möppu fyrir glósur og uppskriftir (má vera sama og í HTL 304), kassa undir prufur, dagbók, blýanta, pappírsskæri, pappírslím og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

### Námsmat:

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda.

Verk nemenda eru metin eða afraksturinn og ferlið eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna.

Grunnprufur í bútasaum	15 %
Frjáls útsaumur í saumavél	15 %
Frjáls útsaumur í höndum	15 %
Ýmsar aðferðir	15 %
Glósur úr tímum, uppskriftir fyrir litun á áferðir. Hugmyndaöflun og skissuvinna Dagbókarfærslur	10 %
Ástundun og vinnulag í tímum og heima. Áhugi, frumleiki, vinna úr upplýsingum, ígrundun, framfarir, tilraunir, framkvæmd, sjálfstæði, ögrun.	10 %
Lokaverk, hugmynd, þróunarvinna og frágangur	15 %
Mætingar	5 %

Með fyrirvara um breytingar

### **Gangi ykkur vel!**

Sveina og Björg

Verkefni nemenda eru geymd í eitt ár eftir sýnidag prófa.

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils